

81 hafi neitað að borga kostnaðinn við þessa vegabót úr bæjarsjóði, af því að hún áleit, 27. ágúst. að þarsem vegabótin væri gjörð á aðalpóstvegi, ætti kostnaðurinn af henni samkvæmt lögum um vegi 10. nóvbr. f. á., 3. gr., að greiðast úr landssjóði, og hafið þjer beiðst úrskurðar míns um, hvort áminnztur vegabótakostnaður verði greiddur úr landssjóði ellegar hann skuli borgast úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að eins og það aldrei hefur verið álitid neinum vafa undirorpið, smbr. dómsmálastjórnarbrjef 10. júlí 1863, að vegatilskipun 15. marz 1861, og vegalög 15. október 1875 næðu ekki til Reykjavíkur kaupstaðar, eins verð jeg að ætla, að hið sama sje um vegalögin 10. nóvbr. f. á., sem eru komin í stað fyrnefndrar tilskipunar og laga, og að því sjerstaklega snertir aðalpóstvegi, virðist það vera augljóst, að ákvæði laganna um þá eigi aðeins við um aðalpóstvegina fyrir utan kaupstaðina, svo er um ákvæði 3. gr., að aðalpóstvegir sjeu undir umsjón amtsráðanna, ákvæði 6. gr., að landshöfðingi ákveði eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpóstleið skuli liggja um hjerað hvert, og ákvæði 8. gr., að sýslunefndir skuli ráða verkmenntil vegagjörða á aðalpóstleiðum, en bæjarstjórna er hvergi getið. Með því að Reykjavíkur kaupstaður þannig að ætlun minni, eins eptir að optnefnd lög 10. nóvember f. á. öðluðust gildi eins og fyrri, á að bera allan kostnað við vegagjörðir í umdæmi sínu, verður kostnaður sá við vegabót á Öskjuhlíðarveginum, sem hjer ræðir um, ekki greiddur úr landssjóði.

82 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um al-
31. ágúst. þingismannskosningu í Norðurmúlasýslu. — Með því að 1. alþingismaður Norðurmúlasýslu, sýslumaður Einar Thorlacius, hefur sagt af sjer alþingismennsku, vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, með skýrskotun til 27. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, að hlutast til um að kosning fari fram hið fyrsta á alþingismanni fyrir Norðurmúlasýslu um kjörtíma þann, er Einar sýslumaður Thorlacius átti eptir.

Ef því verður við komið með hægu móti, ætti kosningin að fara fram þegar í haust, en að öðrum kosti eigi fyr en að vori, þó eigi síðar en 1. júní 1889.

83 Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu
13. ágúst. um reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum. — Með brjefi þessu staðfesti landshöfðingji nýja reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum, er sýslunefndirnar í Múlasýslunum höfðu samið en amtsráð norður og austuramtsins gjört nokkrar breytingar og viðauka við.

84

Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbankans árið 1887, eins og hann er úrskurðaður af landshöfðingja 10. septbr. 1888.

	Tekjur.	Kr.
1. Í sjóði 31. desbr. 1886	17525,03
		Flyt 17525,03

	Kr.	84
	Flutt	17525,03
2. Meðtekið úr landssjóði í 5 króna seðlum	35000,00	
3. Bráðabyrgðalán úr landssjóði ,	40000,00	
4. Endurborguð lán :	Kr.	
a. Fasteignarveðslán	75512,06	
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	31358,20	
c. Lán gegn handveði	4840,00	
d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga	<u>5754,00</u>	117464,26
5. Innleystir víxlar		21225,00
6. Innleystar ávísanir		483,03
7. Seld konungleg ríkisskuldabryf		39900,00
8. Vextir :		
a. Af lánum	31651,91	
(Hjeraf er áfallið fyrir lok reiknings-		
tímabilsins kr. 18910,60		
Fyrirfram greiddir vextir fyrir síðari		
reikningstímabil — 12741,31		
	<u>kr. 31651,91</u>)	
b. Af konunglegum ríkisskuldabryfum	<u>5151,62</u>	36803,53
9. Diskonto		273,67
10. Provision		78,65
11. Leigubreytingaruppbót af kgl. ríkisskuldabryfum		2101,50
12. Eignir sparisjóðs Reykjavíkur samkvæmt reikningságrípi dags. 19. apríl 1887		389001,79
13. Peningaforði sparisjóðs Reykjavíkur 19. apríl 1887		62729,77
14. Sparisjóðsinnlög ,	131204,82	
Þar við bætast vextir af innlögunum til 31. desember 1887 ,	<u>11430,55</u>	142635,37
15. Móti gjaldlið 11. b. færast til jafnaðar		<u>269,72</u>
	Tekjur alls	<u>905491,32</u>

	Gjöld.	Kr.	Kr.
1. Lánað gegn :			
a. Fasteignarveði ,		159885,00	
b. Sjálfsskuldarábyrgð		18280,00	
c. Handveði		810,00	
d. Ábyrgð sveita og bæjarfjelaga		<u>8900,00</u>	187875,00
2. Keyptir víxlar			22210,00
3. Keyptar ávísanir ,			457,13
4. Varið til að kaupa konungl. ríkisskuldabryf ,			37117,90
5. Endurborgað bráðabirgðalán (sbr. tekjul. 3)			40000,00
6. Útborgað fyrir varasjóð sparisjóðsins í Reykjavík			<u>31,00</u>
		Flyt	<u>287691,03</u>

	Kr.	
	Flutt	287691,03
7. Endurborgaðir vextir af lánnum		31,81
8. Útborgað af sparisjóðsinnlögum		152134,67
9. Útborgaðir dagvextir af sparisjóðsinnlögum		1036,43
10. Kostnaður við bankahaldið:	Kr.	
a. Laun	5500,00	
b. Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting	470,69	
c. Bækur, ritföng og prentunarkostnaður	476,47	
d. Ymisleg útgjöld	321,41	6768,57
11. Vextir af:		
a. innstæðufje samlagsmanna í sparisjóðsdeild bankans til 31. desbr. 1887	11430,55	
b. innstæðufje varasjóðs bankans fyrir 1887	269,72	11700,27
12. Móti tekjulið 12. færast til jafnaðar . . . ,		389001,79
13. Í sjóði 31. desbr. 1887		57126,75
	Gjöld alls	905491,32

Jafnaðarkonto landsbankans 31. desbr. 1887.

	Activa.	Kr.	Kr.
1. Skuldabryf fyrir lánnum:			
a. Fasteignarveðsskuldabryf	581378,73		
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryf	29148,82		
c. Handveðsskuldabryf	10070,00		
d. Skuldabryf bæja og sveitafjelaga	10096,00		630693,55
2. Önnur skuldabryf:			
a. Konungleg ríkisskuldabryf	101400,00		
b. Skuldabryf Reykjavíkur kaupstaðar	200,00		101600,00
3. Víxlar			4735,00
4. Ávísanir			174,10
5. Útistandandi vextir áfallnir 31. desbr. 1887			6943,57
6. Í sjóði 31. desember 1887			57126,75
			801272,97
	Passiva.		Kr.
1. Útgefnir seðlar			375000,00
2. Sparisjóðsinnlög			352565,78
3. Eign varasjóðs bankans við árslok 1887			27116,60
4. Fyrirfram greiddir vextir, sem eigi áfalla fyr en eptir 31. desember 1887			12741,31
5. Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 31. desbr. 1887			26905,71
6. Til jafnaðar móti tölulið 5. í Activa færast			6943,57
			801272,97

Athugasemdir.

Kr. 84

1. *Fasteignarveðslán.* 31. desbr. 1886 átti bankinn útistandandi 290 fasteignarveðslán alls að upphæð 289065,79
 Árið 1887 hafa verið veitt 214 lán að upphæð kr. 159885,00
 Frá sparisjóði Reykjavíkur tók bankinn við 205 lánnum að upphæð alls — 207940,00 367825,00
 656890,79
 Hjer af er endurborgað árið 1887 75512,06
 Eptirstöðvar 31. desbr. 1887 581378,73
 og voru lánin þá 671 að tölu.
2. *Sjálfskuldarábyrgðarlán.* Við árslok 1886 átti bankinn útistandandi 49 lán að upphæð 32695,00
 Árið 1887 hafa verið veitt 52 lán að upphæð kr. 18280,00
 Frá sparisjóði Reykjavíkur tók bankinn við 30 lánnum að upphæð — 9532,02 27812,02
 60507,02
 Hjer af var endurborgað 1887 31358,20
 Eptirstöðvar 31. desbr. 1887 29148,82
 og voru lánin þá 67 að tölu.
3. *Handveðslán.* Þessi lán voru 31. desbr. 1886 9 að tölu og námu alls . 14100,00
 Árið 1887 voru veitt 7 lán að upphæð 810,00
 14910,00
 Hjer af endurborgað 1887 4840,00
 Eptirstöðvar 31. desbr. 1887 10070,00
 og voru lánin þá 11 að tölu.
4. *Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga* voru við árslok 1886 5 að tölu og námu þau alls 3950,00
 Árið 1887 voru veitt 10 slík lán að upphæð 8900 kr.
 Frá sparisjóði Reykjavíkur fjekk bankinn eitt lán að upphæð . 3000 — 11900,00
 15850,00
 Hjer af endurborgað 1887 5754,00
 Eptir 31. desbr. 1887 14 lán að upphæð 10096,00
5. *Víxlar.* Hinn 31. desbr. 1886 átti bankinn 5 víxla að upphæð alls . . 3750,00
 Árið 1887 keypti bankinn 25 víxla að upphæð alls 22210,00
 25960,00
 Hjer af voru innlestir 20 víxlar 1887 21225,00
 Eptir 31. desbr. 1887 10 víxlar að upphæð 4735,00
6. *Ávísanir.* 31. desbr. 1886 átti bankinn 1 ávísun að upphæð 200,00
 Árið 1887 keypti bankinn 7 ávísanir að upphæð 457,13 657,13
 Innlestir 1887 5 ávísanir er námu 483,03
 Eptir 31. desbr. 1887 3 ávísanir að upphæð 174,10
7. *Sparisjóðsinnlög.* Síðan bankinn tók að gegna sparisjóðsstörfum (1. apríl 1887) hefur verið lagt inn með sparisjóðskjörum 131204,82
 flyt 131204,82

84

	flutt 131204,82
Við móttöku sparisjóðs Reykjavíkur voru innlögin þar	362065,08
	493269,90
Hjer af er útborgað frá 1. apríl til 31. des. 1887	152134,67
Eptir	341135,23
Þegar svo hjer við er bætt vöxtum af sparisjóðsinnlögunum til 31. desbr. 1887	11430,55
verða sparisjóðsinnlögin 31. desbr. 1887	352565,78
Þeir sem fje áttu í bankanum 31. desbr. með sparisjóðskjörum voru 1583 að tölu.	

8. *Sedlar.* Af 50 kr. seðlum var búið að gefa út við árslok 1886 3000 st., að upphæð 150000 kr. Tala þeirra hefir eigi aukizt 1887. Af 10króna seðlum var búið að gefa út í árslok 1886 15000 st., að upphæð 150000 kr. Við þá hefur heldur eigi verið bætt neinu 1887. Af 5króna seðlum var búið að gefa út við árslok 1886 8000 st., að upphæð 40000,00 kr. Þar við hefur bættz 1887 7000 st. 35000,00 — 75000,00 Til ársloka 1887 hefur þannig alls verið gefið út:

af 50 kr. seðlum 3000 st.		kr. 150000,00
- 10 — — 15000 -		— 150000,00
- 5 — — 15000 -		— 75000,00
		kr. 375000,00

Af þeim 57126 kr. 75 aur. sem voru í sjóði 31. desbr. 1887 voru :

í gulli		kr. 16500,00
(þar af í ensku gulli 145 £ í 18 kr. og í frakknesku gulli 1400 fr. í 70 a.)		
í silfri		— 4626,75
í seðlum		— 36000,00
		kr. 57126,75

Stjórn landsbankans 20. febr. 1888.

L. E. Sveinbjörnsson. Eiríkur Briem. Jón Pjetursson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889

10. gr. C 5 c.

Veittur 300 króna styrkur til vegagjörðar milli Landbrots að austan og Skaptártungu að vestan yfir eldhraunið sunnanmegin Skaptár.

EMBÆTTISSKIPUN.

5. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. *Jósep Kristjání Hjörleifssyni Otrardals* prestakall í Barðastrandarprófastdæmi.

ÓVEITT PRESTAKALL,

veitt með þeim fyrirvara, að sá er það fær, verði að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þess, er leitt geti af ákvörðun í 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Kvíabekkur (Kvíabekkjarsókn) í Eyjafjarðarprófastdæmi. Metið 979 kr. 67 a. Auglýst 5. sept. 1888.